



Bretland enn stærsti markaðurinn fyrir íslenskar sjávarafurðir

Önnur lönd eru þó farin að narta í hælan á Bretum og ekki ólíklegt að hlutdeild Breta haldi áfram að minnka á næstu árum

Heildarútflutningur sjávarafurða árið 2017 var tæpir 200 ma.kr., sem er um 16% af öllum útflutningi. Bretland er stærsti kaupandi íslenskra sjávarafurða og hefur verið í því hlutverki síðustu áratugi. Árið 2017 voru fluttar út sjávarafurðir til Bretlands fyrir um 30,6 ma.kr., en það gerir um 15,5% af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða sama ár. Til samanburðar var það land sem kom næst á eftir, Frakkland, með innflutning upp á 22,3 ma.kr. sem gerir 11,3% af heildarútflutningi sjávarafurða frá landinu. Í þriðja sæti var svo Spánn með 19,2 ma.kr. sem gerir 9,7%.


Brexit hefur sett útflutning til Bretlands í uppnám

Ekki er enn ljóst hver niðurstaðan verður varðandi boðaða útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og ef svo fer, hvort þeir endi með þann samning við sambandið sem liggur fyrir. Þessi óvissa hefur leitt til ákveðinnar óvissu varðandi útflutning sjávarafurða til Bretlands. Utanríkisráðuneytið hefur unnið að því að undanförunu að semja við Breta um fyrirkomulag tolla og viðskipta milli Íslands og Bretlands fari svo að Bretar yfirgefi ESB án samnings. Nú á dögum samdist við Breta um óbreytt fyrirkomulag tolla og viðskipta milli ríkjanna og er sú óvissa því frá í bili.


Vægi breska markaðarins hefur minnkað á síðustu áratugum

Þrátt fyrir að breski markaðurinn sé enn mikilvægasti kaupandi íslenskra sjávarafurða hefur vægi hans dregist verulega saman á síðustu árum. Breytingin var langmest á árabílinu 2007 til 2011 en þá fór vægi sjávarafurða til Bretlands úr 27,1% niður í 17,8% en vægið hafði verið í kringum 25% allt frá árinu 1999 eða svo langt aftur sem gögn Hagstofunnar ná. Frá árunum 2011 til 2017 hefur hlutfallið legið á nokkuð þröngu bili og verið að

Útflutningur sjávarafurða eftir löndum 2017



Útflutningur sjávarafurða til Bretlands





meðaltali 17% á því tímabili en þó leitað áfram niður á við. Vægi breska markaðarins hefur aldrei mælst lægra en árið 2017 þegar það var 15,5%. Mismunur á vægi Breta og þeirrar þjóðar sem kemur næst á eftir hefur heldur aldrei verið minni en var árið 2017 en á því ári nam mismunur á vægi Bretlands og Frakklands 4,2 prósentustigum.


Hlutdeild flestra fisktegunda til Bretlands hefur lækkað

Þessa breytingu milli árána 2007 og 2011 má að hluta til rekja til þess að hlutfall þess útflutta magns sem fer til Bretlands dróst saman hvað margar fisktegundir varðar. Árið 2007 voru fluttar út sjávarafurðir til Bretlands fyrir 34,6 ma.kr. en þær 10 tegundir sem voru með mesta útflutningsverðmætið stóðu á bak við 33,5 ma.kr. eða um 97% aflaverðmætisins. Sé litið til hlutfalls þess heildarmagns sem flutt var frá Íslandi í tonnum talið til Bretlands annars vegar 2007 og hins vegar 2011 sést að það lækkaði í langflestum tilfellum. Þannig lækkaði þetta hlutfall í alls 9 tegundum af þessum 10 tegundum sem voru með mesta útflutningsverðmætið til Bretlands árið 2007.

Hærra verð á öðrum mörkuðum hefur dregið úr hlutdeild Bretlands


Hluta af þessari þróun má að töluverðu leyti rekja til hærra verðs á öðrum mörkuðum. Þannig hefur útflutningur leitað frekar til þeirra landa sem greitt hafa hærra verð á kíló en Bretland. Bretland var langstærsti markaðurinn fyrir útflutning á ýsu en árið 2007 fór 71,8% af öllum ýsuútflutningi Íslands til Bretlands. Árið 2011 var þetta hlutfall komið niður í 61,3% og hafði því lækkað um 10,4 prósentustig. Langmest af útfluttri ýsu er ýmist fryst eða ísuð ýsa en ísuð ýsa hafði vinninginn 2017 með 50,5% hlutdeild. Sé litið til ísaðrar ýsu fóru 73% ýsuútflutnings árið 2007 til Bretlands. Næststærsti markaðurinn á sama tíma voru Bandaríkin með 18% hlutdeild. Á því ári var kílóverðið í Bandaríkjunum 739 krónur á hvert kílógramm á ísaðri ýsu frá Íslandi. Verðið á Bretlandi var hins vegar 229 kr./kg eða rúmlega þrefalt lægra. Á tímabilinu frá 2007 til 2011 og reyndar allt til 2017 var verðið í Bandaríkjunum mun hærra en á Bretlandi á hverju einasta ári. Þessi verðmismunur hefur leitt til þess að hlutdeild Bretlands á ísaðri ýsu var komið niður í

Hlutfall af útflutningi til Bretlands 2007 og 2011



Sýnir útflutning til Bretlands í tonnum sem hlutfall af heildarútflutningi
Heimild: Hagstofa Íslands

Útflutningur ísaðrar ýsu



Hlutfall af heild
Heimild: Hagstofa Íslands




29% árið 2017 en 47% í Bandaríkjunum. Verðið í Bandaríkjunum var áfram mun hærra eða 1251 kr./kg borið saman við 381 krónu í Bretlandi árið 2017. Vægi Belgíu hefur einnig vaxið hratt síðan 2007 eða úr 2% í 11% en verðið þar var 1226 kr./kg á hvert kíló árið 2017 og 1019 krónur í Frakklandi en hlutdeild Frakklands var 8% árið 2017 borið saman við 5% árið 2007.

Svipuð þróun í ísuðum þorski eins og ýsu


Sömu sögu má segja af ísuðum þorski. Þar hefur hlutdeild Bretlands farið úr 53% árið 2007 og niður í 12% árið 2017 og má einnig rekja það til ósamkeppnishæfs verðs í Bretlandi en verðið á Bretlandi var sem dæmi 580 kr./kg árið 2017 en var að meðaltali 960 krónur fyrir allan útflutning á ísuðum þorski og var verðið á þremur stærstu mörkuðunum; Frakklandi, Bandaríkjunum og Belgíu frá tæpum 1100 kr./kg og upp í tæpar 1200 krónur árið 2017. Hér er rétt að benda á að fall pundins í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Brexit hefur vissulega lækkað verðið á Bretlandi í krónum talið. En sé litið á árin fyrir Brexit var kílóverðið á Bretlandi samt umtalsvert lægra en í Frakklandi, Bandaríkjunum og Belgíu.

Hlutdeild Bretlands mun líkast til halda áfram að dragast saman

Míðað við þennan verðmismun á bæði ísaðri ýsu og ísuðum þorski og sífellt minnkandi hlutdeildar Bretlands í þeim tegundum er líklegt að þróunin verði áfram í sömu átt, þ.e. að hlutdeild Bretlands í þessum afurðaflokkum haldi áfram að dragast saman á næstu árum.



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.